

**Mál nr. 257/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar X**

### **Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 16. september 2022 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi á vinnustað sínum hjá X hinn 7. febrúar 2020. Hafi hún gengið inn um starfsmannainngang, runnið í bleytu og fallið með þeim afleiðingum að hún varð fyrir líkamsmeiðslum. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð, dags. 27. janúar 2022 er varanleg örorka hennar vegna afleiðinga slyssins 12%. Lögregla var kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 21. september 2020, fyrir nefndinni. Kemur þar fram að umræddur gangur hafi verið nokkuð háll vegna bleytu sem starfsfólk beri inn með sér en tíð hafi verið votviðrasöm. Kemur jafnframt fram að samband hafi verið haft við Vinnueftirlitið sem ekki hafi séð til tilefni til að koma á vettvang. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns en V hafnaði kröfu hennar með bréfi dags. 20. júlí 2022. Byggir M á því að slys hennar sé að rekja til vanbúnaðar á vinnustað. Þannig kannist M ekki við að motta hafi verið við innganginn á slysdagi, svo ekki hafi verið mögulegt fyrir hana að þurrka bleytu af skóm sínum áður en hún hélt inn ganginn þar sem hún féll. Greini M og V á um þetta atriði, en hvorki sé minnst á mottu í fyrirliggjandi lögregluskýrslu né í fyrirliggjandi tilkynningum um slysið. Sú staðreynd að engin motta hafi verið við innganginn sé meginorsök tjónsins enda hafi þær aðstæður haft í för með sér augljósa slyshættu. Hallinn af sönnunarskorti hvað þetta varði hvíli þá á V enda liggja fyrir að tilkynning til Vinnueftirlitsins sé dagsett hinn 23. mars 2020 og hafi slys M því ekki verið tilkynnt til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá skorar M á X að leggja fram gögn sem sýni fram á að hálkviðnám á gólfi gangsins sé til samræmis við byggingarreglugerð nr. 112/2012, sé því á annað borð haldið fram. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stöð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar er því hafnað að V beri hallann af óvissu um aðstæður á slysdagi, enda hafi lögregla tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið samdægurs, en starfsmaður þess hafi metið það svo að ekki væri þörf á vettvangsrannsókn. Þá sé því ekki haldið fram að motta hafi verið á ganginum þar sem M slasaðist. Motta hafi hins vegar verið við starfsmannainnganginn framan við umræddan gang, en M hafi verið komin lengra inn í bygginguna þegar hún féll, en samkvæmt X séu um 12 metrar frá inngangi að slysstað. Við skráningu X á atvikinu hafi verið tekna myndir, dags. 7. febrúar 2020, og megi sjá af þeim að motta hafi verið við innganginn. Hafi M því átt þess kost að þurrka af sér áður en lengra var haldið. Hvað varði myndband af atvikum hafi V ekki fengið aðgang að því en X hafi lýst því yfir að M geti fengið aðgang af því. Sé skorað á M að óska eftir myndbandinu sé ætlunin að halda uppi þeim málalíbúnaði að engin motta hafi verið á staðnum. Ekkert liggja þá fyrir um að gólfíð á ganginum sé óvenjuhált og sé það málað með hefðbundinni gólfmálningu. Við þær veðuráðstæður sem voru á slysdagi hafi hins vegar verið þörf á því að sýna aðgæslu og þurrka af skóm við innganginn. Þá eigi byggingarreglugerð frá 2012 ekki við þar sem fasteign X hafi verið byggð fyrir gildistöku hennar.

**Álit.**

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Eins og atvikum er háttáð þykir þá ekki ástæða til að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins, enda liggur fyrir samkvæmt lögregluskýrslu að Vinnueftirlitið fékk vitneskju um slysið á slysdagi en ekki var talin ástæða til frekari

rannsóknar af hálfu þess. Aðila greinir samkvæmt framansögðu fyrst og fremst á um hvort motta hafi verið til staðar við starfsmannainngang. Á ljósmyndum í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu má aðeins sjá ganginn þar sem M féll og er þar ekki að sjá neina mottu en raunar er óumdeilt að engin motta hafi verið þar. Af ljósmyndum sem V hefur lagt fram og bera með sér að hafa verið teknar að morgni slysdags, eða rúmlega 20 mínútum eftir að lögregla fékk tilkynningu um slys M, má hins vegar sjá að framan við umræddan gang er annað rými og má sjá mottu á gólfi þess. Án frekari gagna, s.s. þess myndbands sem vísað er til af hálfu V, er sýni fram á hið gagnstæða verður því að telja að umrædd motta hafi verið innan við starfsmannainngang í anddyri sem M hafi farið um áður en hún gekk inn á ganginn þar sem hún féll og slasaðist. Er þá ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M samkvæmt framansögðu að bera hallann af því.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir